

BREYTING Á LEGU PRESTBAKKALÍNU Á SKEIÐARÁRSANDI OG BREIÐAMERKURSANDI Í SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI.

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á legu Prestbakkalínu á Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá skv. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Fyrirhugaðar breytingar eru innan skipulagsmarka Aðalskipulags Hornafjarðar 1998-2018. Fyrirhuguð lega línunnar samræmist ekki þeirri legu sem sýnd er í gildandi aðalskipulagi og kallar því framkvæmdin á breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2013.

7. júní 2013

INNGANGUR

Pann 7. maí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf ehf. um fyrirhugaða breytingu á legu Prestbakkalínu á Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Fiskistofu, Sveitarfélagsins Skaftárhrepps, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Hornafirði með bréfi dags. 28. janúar 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 14. maí 2013, og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. maí 2013 og Vegagerðinni með bréfi dags. 29. maí 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að Landsnet fyrirhugar breytingu á legu Prestbakkalínu 1, sem er 132 kV loftlína, á tveimur stöðum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Annars vegar við Gígjukvísl á Skeiðarársandi á 3,1 km löngum kafla þar sem línunni er hnikað um 0-300 m til norðurs í átt að Hringvegi. Hins vegar á Breiðamerkursandi á 2,5 km löngum kafla þar sem línunni er hnikað um 0-150 m til norðurs.

Í báðum tilvikum er nauðsynlegt að hnika til loftlínu Prestbakkalínu 1 til að tryggja rekstraröryggi flutningskerfisins.

Rennsli hefur aukist í Gígjukvísl í kjölfar breytinga á farvegi Skeiðarár. Aukið rennsli ógnar nú staurastæðum línunnar sem staðsettar eru í farvegi árinna. Til að bregðast við þessari ógn og tryggja þ.a.l. rekstraröryggi línunnar áformar Landsnet að þvera Gígjukvísl í einu hafi, þ.e.a.s. að ekkert mastur verði í farveginum. Við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi eru möstur í hættu vegna ágangs sjávar og landbrots.

Framkvæmdir vegna hnikun Prestbakkalínu 1 er því neyðarráðstöfun til að tryggja flutning raforku um svæðið.

Prestbakkalína 1 við Gígjukvísl: Fram kemur að framkvæmdin feli í sér að loftlínu verði hnikað um 0-300 m á 3,1 km löngum kafla við Gígjukvísl á Skeiðarársandi.

Með því að hnika línunni til norðurs að Þjóðvegi nr. 1, verður hægt að þvera Gígjukvísl í einu hafi, þ.e.a.s. að ekki þarf að vera með staurastæði í farveginum eins og nú er.

Gert er ráð fyrir að mastursgerð verði sambærileg þeim sem fyrir eru (tréburðarstæður með krossum þar sem grundun er tryggð með aðfluttu efni og/eða niðurreknum staurum). Gert sé ráð fyrir 14-16 mastrastæðum með um 200 m millibili. Eldri kafla línunnar verður fjarlægður.

Fram kemur að ekki sé þörf á lagningu sérstaks línuslóða á meðan á framkvæmd stendur.

Staðsetning efnistöku er áætluð úr námu á jarðamörkum Rauðabergs og Núpsstaðar rétt vestan við Aurá.

Prestbakkalína 1 á Breiðamerkursandi: Fram kemur að framkvæmdin feli í sér að loftlínu verði hnikað um 0-150 m á 2,5 km löngum kafla á Breiðamerkursandi, við Jökulsárlón. Gert sé ráð fyrir að reist verði sambærileg möstur og fyrir eru.

Gert er ráð fyrir 9-10 stöguðum stauramöstrum um 200 m millibili. Hnikun línustæðis felur í sér að línunni þveri Hringveg á tveimur stöðum. Ef þær aðstæður skapast vegna ágangs sjávar að nauðsynlegt verður að færa línuna með skömmum fyrirvara þá er vegna styttri framkvæmdatíma gert ráð fyrir að notaðar verði hefðbundnar krossaðar burðastæður og mun stæðum þá fjölga í 14-16.

Fram kemur að eldri línukafla verði fjarlægður og ekki sé þörf á lagningu sérstaks línuslóða á meðan á framkvæmd standi.

Engin eða lítil efnistaka er áætluð vegna framkvæmdar. Efni verður notað sem fellur til við grundun mastra. Ef til kemur að nota meira efni verður það tekið úr viðurkenndum námum.

Framkvæmdartími: Fram kemur að ekki liggi fyrir hvenær ráðist verði í framkvæmdirnar, en það ráðist það fyrst og fremst af framvindu náttúrunnar á svæðinu. Hugsanlegt er þó að fljótlega verði ráðist í hnikun línunnar við Gígjukvísl (árið 2014 eða 2015), enda sé aukið rennsli í ánni farið að ógna mannvirkjum Prestbakkalínu 1.

Ákvörðun um að ráðast í hnikun línunnar við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi ráðist af ágangi sjávar og landbroti. Ef áframhaldandi landbrot verði við ströndina þarf að ráðast fyrir en ella í tilfærslu línunnar til að tryggja flutning raforku um svæðið. Ef landbrot gengur að einhverju leyti til baka þarf ekki að ráðast strax í áformaða hnikun Prestbakkalínu 1 við Jökulsárlón. Í hvoru tilviki fyrir sig mun framkvæmdatími vera stuttur, þ.e. nokkrar vikur.

Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun: Fram kemur að Skeiðarársandur er tilgreindur á náttúruverndaráætlun 2004-2008 í tengslum við stækkun Skaftafellsþjóðgarðs (nú Vatnajökulsþjóðgarðs). Einnig sé Skeiðarársandur skilgreindur sem svæði undir náttúruvá og þar er óheimil önnur mannvirkjagerð en sú sem er nauðsynleg vegna samgangna og veitna.

Breiðamerkursandur er tilgreindur nr. 635 á náttúruminjasrá sem aðrar náttúruminjar og nær verndarsvæðið frá Breiðamerkurjökli til fjöru.

Staðhættir: Framkvæmdarsvæðið við Gígjukvísl á Skeiðarársandi liggur á um 3,1 km kafla við brúna yfir Gígjukvísl. Svæðið einkennist af framburði jökulárinnar, landslagið er flatt og víðsýnt er til allra átta.

Framkvæmdarsvæðið á Breiðamerkursandi liggur frá Jökulsá á Breiðamerkursandi og í 2,5 km í austur. Fjölsóttur ferðamannastaður, Jökulsárlón, er í námunda við framkvæmdarsvæðið í vestri og Hringvegurinn liggur um svæðið. Landið sé tiltölulega flatt en þó víðast gárótt með grunnnum breiðum og flötum dældum. Jökulaur er meginundirlag gróðurþekju og jarðvegur líttill sem enginn, mosagróður er ríkjandi á svæðinu en þekja mismikil.

Umhverfisáhrif:

Prestbakkalína 1 við Gígjukvísl.

Fram kemur að í fyrirhugaðri framkvæmd verði loftlínu hnikað um 0-300 m til norðurs í átt að Hringvegi á 3,1 km löngum kafla við Gígjukvísl á Skeiðarársandi. Breyting á legu 132 kV loftlínu við Gígjukvísl á Skeiðarársandi muni valda óverulegum umhverfisáhrifum. Áhrif á ásýnd lands og upplifun ferðamanna á svæðinu sé ekki líkleg til að breytast frá því sem nú er, enda aðeins um tilfærslu áhrifa að ræða þar sem línar færast nær Hringvegi á stuttum kafla. Utan framkvæmdasvæðis muni línar halda núverandi legu sinni og fylgja Hringvegi í austur átt og vestur. Áhrif Prestbakkalínu 1 á ásýnd lands og upplifun ferðamanna á Skeiðarársandi muni lítið sem ekkert breytast.

Prestbakkalína 1 á Breiðamerkursandi.

Fram kemur að í fyrirhugaðri framkvæmd verði loftlína færð um 0-150 m til norðurs á 2,5 km löngum kafla á Breiðamerkursandi við Jökulsárlón. Áhrif á ásýnd lands og upplifun ferðamanna á svæðinu sé ekki líkleg til að breytast frá því sem nú er, enda aðeins um tilfærslu áhrifa að ræða. Þó megi gera ráð fyrir að þar sem línar þveri Hringveginn verði hún sýnilegri á þeim kafla en fyrir breytingu. Áhrifin eru metin óverulega neikvæð, þar sem um tiltölulega litla tilfærslu á mannvirkjum sé að ræða. Prestbakkalína 1 liggur meðfram Hringvegi á löngum köflum og því breyti tilfærslan ekki einkenni eða ásýnd svæðis.

Í greinargerð kemur fram að við Jökulsárlón sé vinsæll ferðamannastaður þar sem margir komi við. Færsla línunnar sé ekki líkleg til að verða sýnilegri frá bílastæðum en nú er. Stysta fjarlægð milli línu og bílastæðis er um 500 m og verði um 400 m eftir hníkun. Fram kemur að landsvæðið sem línan fari um sé á náttúruminjaskrá. Núverandi lína liggja um sama svæði og því verði ekki breyting á áhrifum á svæði á náttúruminjaskrá. Engum sérstæðum jarð- og menningarminjum verður raskað. Landsnet telur að áhrif af færslu línustæðis muni ekki breyta upplifun ferðamanna á viðkomandi stöðum, þar sem einkenni svæðisins breytist ekki.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Fiskistofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það mat að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði sjónræn áhrif vegna færslu línunnar nær Hringvegi 1. Núverandi lína sé á löngum kafla sýnileg frá Hringvegi 1 þannig að umrædd færsla línunnar muni að líkindum hafa óveruleg neikvæð sjónræn áhrif í för með sér, nema ef vera skyldi stuttur kafla á Breiðamerkursandi þar sem línan mun liggja norðan Hringvegar 1.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að mjög litlir veiðihagsmunir séu á því svæði, sem hér um ræði, og lega á háspennustrengjum hafi lítil áhrif á slíka hagsmuni, nema um sé að ræða efnistöku úr veiðiám vegna framkvæmdanna. Með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og viðeigandi viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að ofangreind framkvæmd undirgangist mat á umhverfisáhrifum vegna hagsmuna í veiðimálum. Þegar að framkvæmdum komi þurfi hins vegar að hafa samráð og leita umsagna, ef ráðast þarf í efnistöku í eða við veiðiár.

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að þar sem rætt er um „Hugmyndir Vegagerðarinnar um tilfærslu Hringvegar“ í greinargerð, séu nýjustu hugmyndir Vegagerðarinnar um breytingu á veglínu ekki sýndar, en hafi þó ekki áhrif á fyrirhugaða framkvæmd Landsnets. Jafnframt er bent á að samráð þurfi að hafa við Vegagerðina um línulögnina þar sem þverað er yfir veg við Jökulsárlón og við breytingar á línunni um varnargarða við Gígju.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á legu Prestbakkalínu 1, sem er 132 kV loftlína, á tveimur stöðum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Annars vegar við Gígjukvísl á Skeiðarársandi á 3,1 km löngum kafla þar sem línunni er hnikað um 0-300 m til norðurs í átt að Hringvegi. Hins vegar á Breiðamerkursandi á 2,5 km löngum kafla þar sem línunni er hnikað um 0-150 m til norðurs. Í báðum tilvikum er nauðsynlegt að hnika til loftlínu Prestbakkalínu 1 til að tryggja rekstraröryggi flutningskerfisins.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmda verði sjónræn áhrif þar sem línan verður færð nær Hringvegi 1. Núverandi lega Prestbakkalínu á Breiðamerkursandi við Jökulsárlón liggur um svæði á náttúruminjaskrá og Jökulsárlón er fjölsóttur ferðamannastaður. Tilfærsla línunnar á þessum 2,5 km kafla mun þó að mati Skipulagsstofnunar hafa óveruleg sjónræn áhrif, þar sem færsla línunnar er ekki líkleg til að verða sýnilegri en nú er frá bílastæðum við Jökulsárlónið. Breyting á legu línunnar mun ekki breyta einkennum svæðisins frá því sem nú er og ætti því ekki breyta upplifun ferðamanna á svæðinu. Að sama skapi telur Skipulagsstofnun að sjónræn áhrif tilfærslu línunnar á 3,1 km kafla við Gígjukvísl verði óveruleg þar sem hún breytir ekki einkennum svæðisins eða upplifun þeirra sem þar fara um.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróður verði óveruleg þar sem um er að ræða lítt gróið svæði. Það sama á við um áhrif á menningarminjar og jarðmyndanir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjafar, f.h. Landsnets við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á legu Prestbakkalínu á Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. reglugerð nr. 722/2012 og og leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá skv. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2013.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson



Skipulags
stofnun